



Sjálfsbjörg
Félag fatlaðra á
höfuðborgarsvæðinu
Sími 551-7868

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 16. september 2013

Umsókn um styrk til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Erindi:

Fyrir hönd Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu fer stjórn félagsins þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hún veiti félaginu styrk til starfssemi sinnar á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 sem nemur 100.000.-kr

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu rekur skrifstofu og félagsheimili að Hátúni 12. Félagshemilið er ákaflega vel sótt og skrifstofan er einnig mjög mikið sótt bæði af félagsmönnum og einnig þeim sem eru ekki félagsmenn.

Mikið er leitað til skrifstofunnar um allskonar upplýsingar og er reynt að hjálpa fólki eftir föngum. Töluvert er leitað til Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu og ráðleggingar um málefni fatlaðra og líka með réttindamál fatlaðra.

Skrifstofan sér um útgáfu afsláttarkorta sem Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu tók að sér að sjá um vegna afsláttar sem ÍTR veitir öryrkjum og þeim sem samkvæmt lækisráði þurfa að stunda sund. Handhafar sundkorta fá ókeypis í allar sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel á landsbyggðinni, einnig fá handhafar kortanna frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Töluvert er leitað til skrifstofunnar með réttindamál fatlaðra og einnig aðstoðar skrifstofan félagsmenn og aðra öryrkja eftir föngum ef upp koma erfiðleikar, einnig sér skrifstofan um félagsstarfið sem er mjög öflugt, rekstur aðstöðu okkar að Krika við Elliðavatn og ýmislegt annað.

Nefndir á vegum Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu eru:
Ritnefnd, Krikanefnd, fjáröflunarnefnd, laganefnd, ferðanefnd, skemmtinefnd, basarnefnd, veiðinefnd, briddsnefnd, tafnefnd, framtíðarnefnd, átakshópur, handavinnu- og fönurnefnd og ferlinefndir á höfuðborgarsvæðinu.
Flestar þessar nefndir eru virkar og gegna ákveðnu hlutverki eins og nöfn þeirra benda til.

Félagshemilið er opið fjögur kvöld í viku, á mánudögum er Bridds, þriðjudögum er bingó aðra hvora viku og spilað Uno hina vikuna og svo eru einnig haldnir félagsfundir og almennir fræðslufundir. Á miðvikudögum er spiluhúsið opið og á fimmtudögum er opið hús frá kl. 13 til 17 þar er boðið upp á kaffi og meðlæti, fólk kemur til þess að hitta aðra, þrjóna, spila, fönndra, lesa blöðin eða bara það sem þeim dettur í hug.

Hafnarfjarðarbær
18.9.2013
1309413
105

Samvera og súpa er hér á þriðjudögum frá kl. 11:00 til 13:00 þar getur fólk komið og fengi sér súpu, brauð og kaffi gegn mjög vægu verði og gripið í handavinnu, spjallað við gesti og sjálfbóðaliða, hlustað á útvarðið, lesið blöð eða bara hlustað og látið fara vel um sig. Jóna Marvinsdóttir sér um þetta verkefni. Þetta mjög góð leið til að rjúfa einangrun öryrkja og fá þá til að koma til okkar. Ýmis námskeið eru haldin og eru þau vel sótt af félagsmönnum og öryrkjum hér úr nágrenninu, (ÖBÍ húsunum)

Hin árlega hlutavelta og kaffisala Sjálfsbjargar er haldin fyrstu helgina í desember og er alltaf ákaflega vel sótt. Við undirbúninginn koma alltaf sjálfbóðaliðar, félagsmenn í Sjálfsbjörg og leggja fram ómælda vinnu . Undanfarin ár hefur verið haldinn Haustfagnaður í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra og tekist afskaplega vel og færri komist að en viljað, einnig er árlega haldið þorablót sem er ávallt vel sótt.

Aðalfundur er haldinn að vori samkvæmt lögum félagsins, þar eru endurskoðaðir reikningar lagðir fram, kosið í stjórn og nefndir og önnur aðalfundarstörf. Mæting félagsmanna á aðalfund er alltaf mjög góð. Einnig eru haldnir almennir félagsfundir tvisvar til þrisvar á ári um hin ýmsu efni,

Ritnefnd gefur út Sjálfsbjargarfréttir 2 til 4 sinnum á ári, tvö stór blöð og einn til tvo einblöðunga með upplýsingum um félagsstarfið og annað fróðlegt efni fyrir félagsmenn.

Ferðanefnd ákveður ferðalög sem farin eru á sumrin eða haustin og skrifstofan sér um undirbúninginn.

Kriki sumarhús okkar við Elliðavatn var opinn allt síðastliðið sumar og mannaður með sjálfbóðaliðum svo félagsmenn sem voru að veiða eða stunda einhverskonar útiveru kæmust inn til að fara á snyrtingu, borða nestið sitt eða bara hvílt sig.

.Það er orðinn fastur liður að hafa hátíð í Krika um verslunarmannahelgina og einnig sjá sjálfbóðaliðar um að hafa bátadag einu sinni að sumri. Kriki er einnig þón okkuð notaður af öðrum en okkar félagsmönnum, t.d. börn með Downs syndrom fá húsið einu sinni að sumri og hin ýmsu félög innan öbí fá húsið lánað dag og dag til að fara með sína félagsmenn til þess að grilla saman og njóta útiveru sem þau ættu annars ekki kost á.

Kriki og nágrenni hans er eina útivistarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu sem er aðgengilegt fyrir fatlaða. Ferðapjónusta fatlaðra gengur þangað.

Kópavogsbær hefur verið afskaplega rausnarlegur við okkur í sambandi við Krika, haldið við bæði bryggjunum og göngustígnum fyrir okkur ásamt því að slá og halda svæðinu snyrtilegu fyrir utan margvíslega aðra aðstoð við sumarhúsið og umhverfi þess.

Eins og komið hefur fram þá er mikil starfsemi á vegum Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og mæðir töluvert á stjórn félagsins, án sjálfbóðavinnu þeirra væri ekki hægt að reka jafn öflugan starfsemi.

Starfsmenn skrifstofu eru tveir.

Hér að ofan eru talin upp helstu verkefni okkar en þau eru mun fleiri eins og gefur að skilja, þannig að ljóst er að mjög mikil starfsemi er bæði í félagsheimilinu, á skrifstofunni og í Krika við Elliðavatn.

Félagið er ekki á föstum fjárlögum og þarf því að trevsta á velvilja bæjarfélaga, fyrirtækja og almennings til að geta haldið starfseminni gangandi.

Virðingarfyllt

Ásta Þórdís Guðjónsdóttir

Formaður

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu



Sjálfsbjörg
Félag fatlaðra á
höfuðborgarsvæðinu
Sími 551-7868